



Innkaupa- og framkvæmdaráð

Útboð nr. 15350. Safamýri 5 Nýr leikskóli. Endurbætur, fullnaðarfrágangur og lóðarframkvæmd.

Tilboð í ofangreint verkefni voru opnuð á Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar fimmtudaginn 16. desember 2021 kl. 10:00.

Á fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs 13. janúar 2022 var samþykkt tilboð lægstbjóðandi Gímó ehf. í útboðinu. Sú ákvörðun var kærð til kærunefndar útboðsmála af hálfu Borgar Byggingalausna ehf. með kæru móttækinni 18. janúar 2022. Þar sem kæran barst kærunefnd útboðsmála innan biðtíma samningsgerðar stöðvaðist samningsgerð sjálfkrafa, sbr. 1. mgr. 86. gr. og 1. mgr. 107. gr. laga um opinber innkaup.

Með ákvörðun, dags. 17. febrúar 2022, hafnaði kærunefnd útboðsmála að aflétta stöðvun samningsgerðar þar sem nefndin taldi að Borgar Byggingalausna ehf. hefðu leitt verulegar líkur að broti gegn lögum um opinber innkaup sem leitt gæti til ógildingar ákvörðunar eða annarra athafna Reykjavíkurborgar. Ákvörðun kærunefndar útboðsmála er reist á því að yfirlýsing löggilts endurskoðanda lægstbjóðandi Gímó ehf. um staðfestingu á eigin fé væri ekki fyrirvaralaus þar sem fram kom að löggiltur endurskoðandi hefði ekki endurskoðað reikninga félagsins.

Í ljósi ákvörðunar kærunefndar útboðsmála er lagt til að fella úr gildi fyrra val á tilboði lægstbjóðenda Gímó ehf.

Þess í stað er lagt til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði Borgar Byggingalausna ehf. að upphæð 539.419.050,-.

Borg byggingalausnir ehf. hefur staðist fjárhagsskoðun innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og tæknilegt mat skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmdir og viðhald

Hjálagt:

Fundargerð opnunarfundar

Trúnaðarmál/Ákvörðun kærunefndar útboðsmála 17. febrúar 2022, í máli nr. 4/2022

Árið 2021, þann 16. desember kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í útboð umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 15350 „Safamýri 5 - nýr leiskóli. Endurbætur, fullnaðarfrágangur og lóðaframkvæmd".
Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.

Eftirfarandi tilboð bárust:	Heildartilboðsverð með vsk		
1 Gímó ehf.	Kr	435.516.729	95,68%
2 Borg Byggingalausnir ehf.	Kr	539.419.050	118,50%
3 Flotgólf ehf.	Kr	597.077.370	131,17%
Kostnaðaráætlun	Kr	455.194.881	100,00%

Fleiri tilboð bárust ekki

Opnun tilboða lokið kl. 10:08